

39. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 223/1987 um sérstakt jöfnunargjald
á kartöflum og vörum unnum úr þeim.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, þannig:

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 50% jöfnunargjald:

0710.1000	1105.2001	1108.1309
0711.9001	1105.2009	1903.0009
0712.1000	1108.1301	2001.9001

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerin 1903.0001 og 2005.2000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 100% jöfnunargjald.

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2004.1000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 190% jöfnunargjald.

Ráðherra er heimilt að fella niður jöfnunargjald af vörum sem falla undir framangreinda tollflokka, enda séu vörurnar fluttar inn sem hráefni til umtalsverðrar innlendar iðnaðarframleiðslu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. og ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1/1987 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.